



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Sv. Árborgar

Austurvegi 67
800 Selfoss

Selfossi, 19. maí 2025
2504022HS RS

Efni: Svæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi - umsögn um nýtt deiliskipulag

Þann 3. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá sveitarfélaginu Árborg í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.

Um er að ræða deiliskipulag á 27 ha svæði þar sem meginmarkmiðið er að setja fram heildstæða stefnu fyrir hesthúsahverfið sem byrjaði að byggjast upp fyrir um 50 árum síðan. Deiliskipulagið nær til núverandi svæðis og stækkun þess til suðurs þar sem gert er ráð fyrir nýjum hesthúsalóðum. Í skilmálum eru settar fram kröfur um frágang og tæmingu taðþróa og að þeir gildi einnig um núverandi hesthús, en frágangur taðþróa er víða ófullnægjandi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir við lið 3.8 í skilmálum fyrir taðþrær:

1. Í skilmálana vantar tímasettan frest sem hesthúsaeigendur hafa til úrbóta á ófullnægjandi taðþróum.
2. Í taðþró má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau, en ekki annan úrgang. Hesthúsaeigendur skulu tæma taðþrær reglulega og tryggja að þær yfirfyllist ekki. Þrærnar skulu ávallt tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó eigi síðar en 15. júní ár hvert.
3. Óheimilt er að farga taði og moði á svæðinu. Tað og moð skal flutt til viðurkenndrar förgunar eða því fargað eins og reglur um góða búskaparhætti kveða á um sbr. reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi